

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 13. mars 2023  
Mál nr. 2303005

**Umsögn um frumvarp til laga um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir. nr. 80/2020 (samfélagsvegir), mál nr. 485.**

Húnaþingi vestra hefur borist beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir. nr. 80/2020 (samfélagsvegir), mál nr. 485. Byggðarráð Húnaþings vestra tók málið til umfjöllunar og bókaði eftirfarandi á 1169. fundi sínum þann 6. mars 2023:

*Ljóst er að um langt skeið hefur uppbygging samgöngumannvirkja verið stórlega vanfjármögnuð. Um land allt er brýn þörf á uppbyggingu stofn- og tengivega sem miðað við það fjármagn á samgönguáætlun er áætlað til slíkra verka, mun taka áratugi að ljúka. Húnaþing vestra hefur ekki farið varhluta af skorti á uppbyggingu vega. Þess vegna er framlagningu frumvarpsins fagnað þar sem í því eru kynntar leiðir sem stuðla eiga að tækifærum til flýtingar stærri framkvæmda sem uppfylla ákveðin skilyrði. Með því losna fjármunir til annarra verka.*

*Þó svo að frumvarpinu sé fagnað er þó vert að undirstrika það sem tekið er fram í greinargerð að ekki sé gerð krafa um framlög sveitarfélaga til slíkra framkvæmda heldur forystu þeirra um stofnun félaga til að hraða framkvæmdum. Ekki er hlutverk sveitarfélaganna að bera kostnað af slíkum framkvæmdum heldur er það ábyrgð ríkis. Hins vegar þekkja sveitarfélögin vel hvar þörfin er brýnust og því er aðkoma þeirra að félögum sem kunna að vera stofnuð um tiltekna framkvæmdir mikilvæg. Flestir landshlutar hafa unnið staðbundnar samgönguáætlanir og er Norðurland vestra einn þeirra. Því miður hefur borið á því að þær áherslur sem lagðar eru fram í þeim áætlunum eru ekki virtar í ákvörðunum um framkvæmdir. Í greinargerð með frumvarpinu er lögð áhersla á vilja heimamanna og tekur byggðarráð heilshugar undir mikilvægi þess að sá vilji sé virtur.*

*Brýn nauðsyn er til að leita nýrra leiða til að bæta vegi á Íslandi. Því ber að fagna framlagningu frumvarpsins sem kynnir nýja og framsækna leið til að flýta brýnum framkvæmdum á landsbyggðinni. Því styður byggðarráð Húnaþings vestra að frumvarpið nái fram að ganga.*

Byggðarráð Húnaþings vestra áskilur sér rétt til að veita frekari umsagnir á seinni stigum málsins. Jafnframt lýsir ráðið sig tilbúið til samtals við umhverfis- og samgöngunefnd um málið sé þess óskað.

F.h. Húnaþings vestra



Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Unnur Valborg Hilmarsdóttir,  
sveitarstjóri.